

Fundargerð Menningarmálanefndar Skaftárhrepps

101. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps haldinn 2. febrúar 2021, kl 13:00 á Kirkjubæjarstofu

Mætt eru á fundinn: Gunnar Erlendsson, formaður, Lilja Magnúsdóttir, ritari og nýr aðalmaður menningarmálanefndar Guðmundur Fannar Markússon. Hann er boðinn velkominn í nefndina.

1. Hátíð í tilefni þess að 10 ár eru liðin frá Grímsvatnagosinu 2011. SASS veitti 300 þús til að halda þessa hátíðin. Hátíðin verði haldin fyrstu helgina í júní sem er laugardagur 5. og sunnudagur 6. júní 2021. Zbigniew Zuchowicz, skólastjóri Tónlistarskóla Skaftárhrepps, er byrjaður að semja tónverk fyrir hátíðina. Zbigniew ætlar að setja saman myndband sem verður sýnt með. Búið er að auglýsa eftir myndum af öskunni og aðstæðum á þessum tíma í Skaftárhreppi. Skilafrestur mynda er til 15. febrúar 2020. Athuga með fleira sem getur verið þessa helgi. Starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðar eru núna að vinna að því að fá fræðimenn til að koma þessa helgi og segja frá Grímsvatnagosinu. Ath. hvort fleiri vilji taka þátt í þessari hátíð.

2. Tónaserían. Enn er til peningur til að halda tónleika á vegum verkefnisins Tónaserían. Haldnir verða tónleikar um leið og það má boða til samkomu en eins og er mega aðeins vera 20 saman á samkomu vegna sóttvarnaraðgerða.

3. Menningarmálanefnd er að skipuleggja stutt námskeið í ýmsum greinum. Fyrsta sem er á dagskránni eru karate námskeið í samstarfi við Ungmennafélagið Ármann. Námskeiðin verða á fimmtudagskvöldum frá 20- 21 og sunnudögum frá kl. 15 -16. út febrúar. Önnur námskeið eru í farvatninu t.d. flughnýtingar, dans og fleira. Auglýst síðar á klaustur.is og facebook Skaftárhreppur - klaustur.is. Einnig tökum við fólki fagnandi ef fólk vill leiðbeina á einhverjum námskeiðum.

4. Rætt um Múlakotsskóla. Haldið verður áfram að gera húsið upp á þessu ári og ástæða til að reyna að finna verkefni eða sýningar til að hafa í húsinu. Margar hugmyndir komu fram en ekkert ákveðið.

5. Rætt var um að allir viðburðir menningarmálanefndar verði auglýstir á viðburðadagatali á síðunni klaustur.is og svo á facebook síðum í Skaftárhreppi.

Fundi slitið

Fundarritari Lilja Magnúsdóttir



